

Gæðastefna

TILGANGUR

Tryggja að allar vörur og þjónusta Ósa og dótturfélaga, Icepharma, Parlogis og LYFIS (sameiginlega nefnd "Ósar") uppfylli og séu ávallt í samræmi við þær gæðakröfur, staðla og reglur sem eru í gildi.

GILDISSVIÐ

Ósar leggur áherslu á gæðastjórnun og stöðuga þróun gæðakerfis, áhersla er á skráða verkferla í gæðahandbók, reglulega þjálfun starfsmanna og metnaðarfull vinnubrögð og aðstaða á öllum sviðum. Gæðastefna Ósa nær til fyrirtækisins alls ásamt dótturfélögum.

ÁBYRGÐ

Framkvæmdastjóri Gæðasviðs Ósa ber ábyrgð á að gæðastefna sé í samræmi við gildi og markmið Ósa og dótturfélaga.

GÆÐASTEFNA

Það er gagnkvæmur hagur Ósa og viðskiptavina að vörur og þjónusta uppfylli gæðakröfur og að gæðakerfið sé í stöðugri þróun. Tilgangurinn er að leita bestu lausna og tryggja gæði og rekstrarsamfellu ásamt því að viðhafa áreiðanleika í allri vörumeðhöndlun og faglega og framúrskarandi þjónustu. Við leggjum áherslu á að hafa vel þjálfað starfsfólk og búa því vinnuaðstæður sem hvetja til markvissra vinnubragða og frumkvæðis. [Siða- og samskiptareglur Ósa](#) er leiðarvísir sem allt starfsfólk þarf að fylgja í samskiptum við neytendur, birgja, viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila. Við stundum

viðskipti með heiðarleika að leiðarljósi og virðum samkeppnislög. Gæðakerfi Ósa og dótturfélaga vegna innflutnings og dreifingar á lyfjum og lækningatækjum er í samræmi við góða dreifingarhætti (Good Distribution Practice, GDP), góða framleiðsluhætti (Good Manufacturing Practice, GMP), vottanir og viðeigandi löggjöf. Fyrir aðrar vörur skal gæðakerfi Ósa vera til samræmis við aðra sambærilega staðla, vottanir og löggjöf.

Markmið Ósa

- Að störfin einkennist af fagmennsku, þjónustulund, ábyrgð og nákvæmni.
- Að félögin viðhaldi vottunum þegar það á við.
- Að viðhalda og byggja frekar upp gæðakerfi Ósa og dótturfélaga í takt við ný/breytt lög og reglur.
- Að halda í heiðri siðareglum Ósa og tryggja að starfsmenn starfi samkvæmt þeim.
- Að tryggja að starfsmenn séu meðvitaðir um þær reglur og staðla sem eru í gildi.
- Að fylgjast vel með alþjóðlegri þróun í gæðamálum.
- Að félögin uppfylli samninga og skuldbindingar við samstarfsaðila.
- Að félögin séu virkir þátttakendur í mótun og uppbyggingu lagaumhverfis.
- Að vera í fararbroddi á Íslandi hvað þessi mál varðar og vera þannig fyrsti kostur birgja í vali á samstarfsaðila.
- Að leggja áherslu á sterka liðsheild og gleði í leik og starfi.

ósar

Móðurfyrirtæki
Parent company of

